

54  
27. maí

## SAMÞYKKT

um

**breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð Eyjafjarðarsýslu nr. 55,  
17. maí 1926.**

Aftast í 2. gr. komi nýr töluliður:  
12. Hríseyjarvegur frá Stekkjarnefi að Yztabæ.

Samþykkt þessi, sem sýslunefndin í Eyjafjarðarsýslu hefir sam-  
ið og samþykkt samkv. lögum nr. 10, 20. júní 1923, staðfestist hérmeð  
til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum, sem  
hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 27. maí 1929.*

Tryggvi Þórhallsson.

*Páll Pálmason.*

55  
7. júní

## ERINDISBRÉF

fyrir

**sandgræðslumann ríkisins.**

Með bréfi þessu er hr. Gunnlaugi Kristmundssyni falið að hafa  
með höndum störf sandgræðslumanns, samkvæmt lögum um sandgræðslu,  
nr. 45, 20. júní 1923, og breytingum á þeim lögum, nr. 25, 31. maí 1927,  
eða öðrum ákvæðum, er um sandgræðsluna verða sett.

Verkefni þau, er sandgræðslumanninum er aðallega ætlað að  
vinna að, eru þessi:

- a. Að sjá um framkvæmdir þeirra verka, er sandgræðslan hefir með  
höndum. Hann ræður menn til þeirra verka og segir fyrir og hefir  
eftirlit með störfum þeirra. Hann gefur leiðbeiningar viðvíkjandi  
sandgræðslu og svarar fyrirspurnum þar að lútandi.
- b. Að rannsaka ný svæði, sem þörf er á að taka til sandgræðslu,  
gefa lýsingu af þeim og áætlanir um væntanlegan kostnað við  
sandgræðsluna.